



Alþingi  
Erindi nr. P 127/448  
komudagur 10.12.2001

10. desember 2001.

## Umsögn sjávarútvegsnefndar

Sjávarútvegsnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember sl. fjallað um 6. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál.


Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Gylfa Ástbjartsson frá Fiskistofu, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátæigenda.

Í samræmi við endurskoðuð afkomumarkmið ríkisstjórnarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2002 er með frumvarpi þessu lagt til að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum hækki úr 462 kr. í 593 kr. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur Fiskistofu af gjaldinu á heilu fiskveiðiári hækki um 50 m.kr. vegna þessarar breytingar og standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit. Gjaldið mun falla á útgerðina fyrir veiðiheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári sem enn hefur ekki verið úthlutað en kemur að fullu til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 2002 og verður innheimt 1. desember sama ár.

Nefndin mælir með að 6. gr. frumvarpsins verði samþykkt. Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson gera þó fyrirvara af sinni hálfu. Guðjón A. Kristjánsson vill láta þess getið að hann stendur ekki að umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

f.h. formanns sjávarútvegsnefndar,

  
Þórarinn Þorgeirsson nefndarritari.

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS